

Nr. 39.

26. okt.

Lög

um

breyting á og viðauka við lög 1. febrúar 1917 um heimild fyrir landsstjórnina til ýmsra ráðstafana út af Norðurálfríðnum.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð Danmerkur konungur,
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,
Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

3. gr. 4. liður nefndra laga 1. febrúar 1917 orðist þannig:

Enn fremur má landsstjórnin, ef almenningsþörf í einhverju bygðarlagi eða í landinu í heild sinni krefur, taka eignarnámi nauðsynjavörur hjá kaupmönnum, framleiðendum eða öðrum, gegn fullu endurgjaldi. Landsstjórnin ákveður sjálf hverjar vörur skuli teljast nauðsynjavörur.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amaliuborg, 26. október 1917.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Sigurður Jónsson.